

Föstudaginn 2. febrúar 1967.

Málið nr. 4/1968. S/f Hreyfill

gegn

Tryggva Hannessyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, S/f Hreyfill, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1967.

Nr. 52/1967. Geislahitun h/f (Jóhann Ragnarsson hdl.)

gegn

Ólafi Pálssyni (Sigurður Helgason hdl.)

og

Tryggingu h/f til réttargæzlu

(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Logi Einarsson og prófessorarnir Theodór B. Línal og
Magnús P. Torfason.

Skaðabætur. Endurheimta.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málaskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og

að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Réttargæzlustefndi hefur engar kröfur gert.

Gögn málsins bera með sér, að stefndi tókst einungis á hendur gegnt áfrýjanda að ráða tvo starfsmenn til niðurrifs á skorsteini þeim, sem í málinu greinir, og vísa þeim á tilteknum tíma til vinnustaðar, en undanskildi sig verkstjórn þar og starfsdrottinsskyldum. Voru og framkvæmdastjóra áfrýjanda hæg heimatökin að fela verkstjóra sínum, sem hann kvaddi til að fara á vinnustað á hinum tilsetta tíma, að taka þar verkstjórnina að sér. Að svo vöxnu máli verður sú vangæzla stefnda að skýra starfsmönnunum eigi frá því, hvernig háttað var starfsherraábyrgð og verkstjórn, eigi látn valda því, að stefndi glati þeim rétti sínum, að á áfrýjanda falli að lokum starfsdrottinsábyrgð á verkinu. Ber áfrýjanda því að endurgreiða stefnda skaðabótafé það ásamt kostnaði, sem stefndi hefur orðið að inna af hendi, vegna þess að annar þeirra manna, sem hann réð til verksins, hlaut við framkvæmd þess lemskur fyrir handvömm verkfélaga síns. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Geislahitun h/f, greiði stefnda, Ólafi Pálsyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. febrúar 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. janúar 1967, hefur Ólafur Pálsson byggingameistari, Kleifarvegi 8 hér í borg, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 12. janúar 1966, gegn Geislahitun h/f, Brautarholti 4, Reykjavík, til heimtu skuldar að fjárhæð kr. 223.683.50 með 7% ársvöxtum frá 25. júlí 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Tryggingu h/f, Laugavegi 178 hér í borg, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en eigi gerðar á hendur félaginu sjálfstæðar kröfur. Réttargæzlustefndi hefur og eigi haft uppi kröfur í málinu.

Málavextir eru þessir:

Hið stefnda félag, Geislahitun h/f, annaðist pípulagnir í húsinu nr. 3 við Vatnsstíg hér í borg og í sambandi við það niðurbrot reykháfs í því húsi. Reykháfur þessi stóð í gegnum tvær efri hæðir hússins og var í horni milli bakveggjar hússins og innveggjar, sem báðir eru steyptir. Var reykháfurinn hlaðinn úr múrsteinum og óbundinn við vegg. Hann var múrhúðaður, og varð eigi séð fyrirfram, að hann var hlaðinn.

Hinn 21. maí 1959 sneri Jóhann Pálsson, framkvæmdastjóri Geislahitunar h/f, sér til stefnanda og bað hann að taka að sér að brjóta niður nefndan reykháf. Að sögn Jóhanns voru svör stefnanda við þessari beiðni þau, að hann gæti eigi látið vinna þetta verk í dagvinnu og hann hefði starfsmenn sína eigi tiltæka til starfa að afloknum venjulegum vinnudegi. Þó gæti verið, að starfsmenn sínir vildu annast þetta sjálfir, enda vanir að vinna án tilsagnar. Væri þá bezt, að stefndi greiddi þeim fyrir verkið og að hann, þ. e. stefnandi, hefði eigi önnur afskipti af því en að lána verkfæri. Hafi stefnandi svo lofað að ræða um þetta við starfsmenn sína.

Stefnandi spurði því næst tvo starfsmenn sína, þá Gunnar Helga Pálsson og Valdimar Vigfússon, hvort þeir vildu vinna að niðurbroti reykháfsins í næturvinnu fyrir stefnda. Voru þeir fúsir til þess. Útvegaði stefnandi þrýstiloftstæki til verksins. Hinn 22. maí, kl. 2000, komu stefnandi og nefndir starfsmenn hans í húsið nr. 3 við Vatnsstíg. Hófu starfsmennirnir að framkvæma verkið, en meðan á því stóð, hrundi reykháfurinn. Reyndi Valdimar að forða sér, en féll um ofn, sem lá á gólfinu. Varð vinstri fótur hans undir reykháfnum og brotnaði illa.

Valdimar Vigfússon skýrir svo frá, að hann hafi ekki verið beðinn að vinna umrætt verk fyrir Geislahitun h/f. Hann hafi einungis verið beðinn að mæta til vinnu á umræddum stað og því hafi hann ekki vitað betur en hann væri að vinna fyrir stefnanda. Það hafi ekki aðeins verið hann einn, er stefnandi boðaði til vinnu um kvöldið, heldur og Gunnar H. Pálsson og þriðji verkamaðurinn.

Stefnandi hafi sagt þeim til um framkvæmd verksins, enda hafi eigi verið um það rætt, að annar verkstjóri kæmi á staðinn. Valdimar kveðst ekki hafa vitað, fyrir hvern verkið var unnið. Kveðst hann hafa verið að vinna í Landspítalanum þá um daginn ásamt Gunnari H. Pálssyni. Hafi stefnandi þá beðið þá að koma til vinnu að Vatnsstíg 3 eftir kvöldmat. Minnst hann þess ekki, að Ólafur hafi rætt um, að verkið væri fyrir aðra unnið en hann. Hann hafi eigi heldur við þetta tækifæri minnst á, um hvers konar verk væri að ræða. Kveðst hann ekki muna, hvernig orð féllu um þetta. Eigi hafi stefnandi látið orð falla um, að sérstök hætta kynni að vera verkinu samfara, né minnst á, að reykháfurinn væri hlaðinn. Stefnandi hafi falið þeim að brjóta niður reykháfinn á annarri hæð hússins. Skyldu þeir vinna verkið með loftbor og hafi stefnandi sagt þeim, að „byrja út frá sprungu ofan við sótopið“. Síðan hafi stefnandi horfið af staðnum. Valdimar kveður þá félagar hafa byrjað verkið með stórum, þungum bor og hafi atbeina beggja þurft til að valda bornum. Er þeir höfðu brotið reykháfinn næstum þvert yfir, hafi Gunnar Helgi haldið áfram að bora með minni bor, en Valdimar kveðst hafa farið að moka frá. Rétt í þann mund hafi reykháfurinn hrunið.

Gunnar Helgi Pálsson skýrir svo frá, að hann og Valdimar Vigfússon hafi verið að vinna að niðurbroti í Landspítalanum nefndan dag. Hafi stefnandi spurt hann síðari hluta dagsins, hvort hann vildi vinna við niðurbrot fyrir Geislahitun h/f að Vatnsstíg 3 þá um kvöldið. Áður en verkið hófst, hafi stefnandi bent þeim á, að bora ætti reykháfinn og eitthvað fleira svo og að fjarlægja ætti reykháfinn. Við svo búið hafi stefnandi yfirgefið þá. Vitnið kveðst muna, að það hafi verið við borinn, er slysið skeði. Kveðst það telja, að þeir hafi þá verið nýbyrjaðir að bora. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því um líkt leyti og reykháfurinn hrundi, að hann var hlaðinn.

Það kemur fram, að einn af starfsmönnum stefnda, maður að nafni Guðmundur Sigurjón Magnússon, var staddur á verkstaðnum, er umrætt múrbrot hófst. Hafði Jóhann Pálsson, forstjóri Geislahitunar h/f, beðið hann að leiðbeina um það, hvar brjóta ætti. Maður þessi gaf engin fyrirmæli um framkvæmd verksins. Engin slík fyrirmæli komu heldur frá Axel Smith, verkstjóra Geislahitunar h/f, sem komið hafði á vettvang, eftir að niðurbrot reykháfsins hófst.

Geislahitun h/f færði vinnu þeirra Valdimars Vigfússonar og Gunnars Helga Pálssonar inn á vinnuskýrslur hjá sér og greiddi

þeim vinnulaun, er stefnandi mun hafa séð um að koma til þeirra. Á hinn bóginn var eigi um að ræða neins konar greiðslu frá stefnda til stefnanda vegna ómaks hans við framkvæmd verksins.

Hinn 7. júní 1961 höfðaði Valdimar Vigfússon mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn aðiljum þessa máls og krafðist þess aðallega, að þeir yrðu dæmdir in solidum til að greiða sér skaðabætur vegna greinds slyss, að fjárhæð kr. 272.775.30 auk vaxta og kostnaðar, en til vara, að annar hvor þeirra yrði dæmdur til greiðslu bóta. Stefndu kröfðust báðir sýknu í málinu.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 6. september 1962, var Ólafur Pálsson sýknaður, en Geislahitun h/f dæmd til að greiða Valdimar Vigfússyni kr. 114.666.67 ásamt vöxtum og kr. 12.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar, og gekk dómur í málinu 24. marz 1964. Varð niðurstaða dóms Hæstaréttar sú, að Geislahitun h/f var sýknuð, en Ólafur Pálsson dæmdur til að greiða kr. 114.666.67 ásamt vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 30.000.00.

Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a. á þessa leið:

„Þeir Gunnar Helgi Pálsson og gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon voru báðir starfsmenn gagnáfrýjanda Ólafs Pálssonar. Hann réð þá til verksins og sagði þeim, „hvað stæði til að gera, brjóta niður skorsteininn“, fór með þeim á staðinn og bentu þeim á verkefnið. Gagnáfrýjandi Valdimar Vigfússon mátti því treysta því, að þeir væru að vinna verkið á vegum húsbónda þeirra, Ólafs Pálssonar. Þykir hann því bera ábyrgð á mistökum Gunnars Helga Pálssonar gegnt gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni. Er hæfilegt, að gagnáfrýjandi Ólafur Pálsson bæti tjón af slysinu að tveimur þriðju hlutum. Fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda, Geislahitunar h/f, sömdu eigi um verkið við Gunnar Helga Pálsson og gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússon né stjórnuðu framkvæmd verksins. Er því eigi fyrir hendi það réttarsamband, er veiti gagnáfrýjanda Valdimar Vigfússyni rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda, Geislahitunar h/f. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda Valdimars Vigfússonar. Hins vegar verður að leggja þann skilning í skýrslu Jóhanns Pálssonar, framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda, sem að framan er rakin, að Geislahitun h/f hafi tekið á sig ábyrgð á framkvæmd verksins gegnt gagnáfrýjanda Ólafi Pálssyni. En eins og málið hefur verið lagt fyrir dómstóla, verður dómsorði eigi lokið á skipti aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Ólafs Pálssonar“.

Í máli því, sem hér er til álita, er stefnandi að endurkrefja stefnda um það fé, sem honum var gert að greiða með greindum dómi Hæstaréttar, og svo um kostnað þann, er stefnandi hafði af rekstri hins fyrra máls. Sætir fjárhæð stefnukröfunnar út af fyrir sig eigi mótmælum.

Einn þáttur í gagnaöflun þessa máls var, að forstjóri Geislahitunar h/f, Jóhann Pálsson, og stefnandi komu fyrir dóm til að gefa á ný skýrslur um atvik þau, sem málið er risið af. Fer hér á eftir hið helzta, sem kemur í skýrslum þessum.

Jóhann Pálsson skýrir svo frá, að eigi hafi komið fram í samtölum milli sín og stefnanda, er stefnandi tilkynnti, að hann hefði útvegað menn til verksins né heldur endranær, hvort menn þeir, er verkið ynnu, gerðu það sem sjálfstæðir verktakar eða starfsmenn Geislahitunar h/f. En ætlun sín hafi verið, að annar hvor sá háttur yrði á hafður, úr því að stefnandi hafði ekki aðstöðu til að annast framkvæmd verksins. Ákveðið hafi verið, að Geislahitun h/f sæi um verkið, þótt það væri utan eiginlegs starfssviðs þess. Hafi þar komið til persónuleg greiðasemi af sinni hálfu við umráðamann húsnæðisins. Eigi hafi verið ætlað til, að stefnandi hefði nokkra verkstjórn á verkstaðnum. Þó hafi ekkert verið um það samið milli sín og stefnanda, að Geislahitun h/f bæri ábyrgð á framkvæmdum verksins gagnvart stefnanda, enda hafi ekki verið ætlað til af hálfu stefnda, að stefnandi hefði nokkur afskipti af verkinu. Jóhann kveðst hafa hringt í verkstjóra Geislahitunar h/f, Axel Smith, þegar er hann hafði fengið tilkynninguna frá stefnanda um útvegum mannanna, og beðið hann að vera mættan á verkstaðnum kl. 2000. Minni sig, að hann hafi sagt eitthvað á þá leið við Axel, hvort hann gæti ekki verið mættur á greindum tíma og sagt mönnunum, hvað þeir ættu að brjóta.

Stefnandi fullyrðir, að hann hafi beðið mennina að vinna umrætt verk fyrir Geislahitun, og minnst þess ekki, að hann ræddi við þá um að vinna verkið sem sjálfstæða verktaka. Stefndi staðhæfir, að mennirnir hafi ekki verið byrjaðir á verkinu, er hann yfirgaf þá, og hann hafi alls engin fyrirmæli gefið þeim um framkvæmd verksins.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hvorki sé réttmætt né sanngjarnt, að hann sæti nokkrum fjárútlátum vegna umrædds slyss, þar sem verk það, er unnið var að, er slysið varð, hafi verið unnið á ábyrgð og kostnað stefnda og í hans þágu, en sjálfur hafi hann (stefnandi) hvorki haft á hendi verkstjórn né

umsjón með verkinu eða yfir höfuð nokkur afskipti af því. Hans þáttur hafi einungis verið að útvega stefnda menn til framkvæmdar á verkinu. Þetta hafi hann eingöngu gert í greiðaskyni, enda sjálfur enga þóknun fengið fyrir ómak sitt. Til stuðnings kröfum sínum skírskotar stefnandi og til forsendna dóms Hæstaréttar, sem að framan eru raktar.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi á engan hátt tekið á sig ábyrgð gagnvart stefnanda á framkvæmd umrædds verks. Sé rangt að leggja slíkan skilning í skýrslu Jóhanns Pálssonar. En jafnvel þótt eigi yrði á þetta sjónarmið fallið, þá hefði sú ábyrgð hlotið að byggjast á því, að verkið yrði framkvæmt á þann hátt, sem fram komi í samtali Jóhanns Pálssonar og stefnanda, þ. e., að stefnandi kæmi þar hvergi nærri, og að ábyrgðin hafi þá fallið niður, er stefnandi tók sér fyrir hendur verkstjórn á verkstaðnum, í stað þess að kunngerá starfsmönnum sínum, að þeir ynnu á vegum Geislahitunar h/f, svo að þeir biðu fyrirmæla frá starfsmönnum þess aðilja. Hið rétta sé, að í samtali stefnanda og Jóhanns Pálssonar hafi ekkert verið um það rétt, að stefndi tæki á sig ábyrgð gagnvart stefnanda, en útilokað, að stefndi tæki á sig slíka áhættu, án þess að öruggt væri, að hann væri tryggður fyrir áhættunni, sem slíkri ábyrgð var samfara. Það hafi verið eindregin skoðun stefnda, að menn þeir, er verkið unnu, gerðu það sem sjálfstæðir verktakar. Þetta styðji sú umsögn Jóhanns Pálssonar fyrir dómi, að stefnandi hafi sagt, „að þó gæti verið, að þeir vildu vinna þetta sjálfir, enda vanir að vinna án tilsagnar“. Af hálfu stefnda hafi verið talið fullvíst, að þannig hefði talast til milli stefnanda og manna hans. Hefði svo ekki verið, mundu þeir hafa hlotið að bíða fyrirmæla af hálfu stefnda og lúta hans verkstjórn, en það hafi hvorugt orðið. Stefndi hafi verið í lófa lagið að búa þannig um hnútana við starfsmennina tvo. Að stefnandi gerði það eigi, varði hann einan, en sé stefnda með öllu óviðkomandi. Líta megi svo á, að stefnandi hafi orðið við upphaflegum tilmælum stefnda um að taka að sér framkvæmd verksins, þótt hann hafi áður verið búinn að neita því. Sé stefnandi þá að sjálfsögðu sjálfstæður verktaki gagnvart þessu verki, þótt hann hafi áður verið búinn að synja fyrir að taka að sér framkvæmd þess, enda hafi verkið verið á starfssviði stefnanda, en ekki stefnda.

Þegar litið er til allra málavaxta, fer eigi á milli mála, að stefnandi lét þess engan kost að takast umrætt verk á hendur, og enn fremur, að forstjóra Geislahitunar h/f, Jóhanni Pálssyni, var

í öndverðu fullljóst, að sú var forsenda stefnanda fyrir útvegum starfsmanna sinna til framkvæmdar á verkinu, að hann hefði sjálfur ekkert með framkvæmd þess að gera. Stefnandi mátti því treysta því, að Geislahitun h/f hefði án hans atbeina veg og vanda af verkinu og sæi starfsmönnunum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum og rækti skyldur vinnuveitanda um verkstjórn á verkstaðnum, en sjálfur væri hann laus mála, ef á ábyrgð vinnuveitandans reyndi. Af hálfu stefnda skorti alveg skyld viðbrögð í þessu efni, og má rekja til þess fébótaábyrgðina, sem á stefnanda féll. Að svo vöxnu máli á stefnandi rétt á endurgreiðslu úr hendi stefnda á því fé, sem hann hefur orðið að greiða af hendi vegna málssóknar Valdimars Vigfússonar. Eru ekki efni til að takmarka þann rétt hans. Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda í málinu til greina að öllu. Eftir þeim úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 32.000.00.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Gunnari M. Guðmundssyni lögfræðingi og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Geislahitun h/f, greiði stefnanda, Ólafi Pálssyni, kr. 223.693.50 auk 7% ársvaxta frá 25. júlí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim tíma til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 32.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
